



7. nóvember 2022/GGG

Minnisblað. 2208241 - Leikskóli við Skólatröð. Lýsing skipulagsverkefnis.
Kynningatíma lauk 27. október 2022.

Samantekt megin atriða umsagna og athugasemda:

- Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir.
- Umhverfisstofnun veitti ekki umsögn, þar sem stofnunni ber ekki skylda til þess.
- Skipulagsstofnun telur að lýsing geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum. Við mótnun tillögunnar verði metin áhrif af skuggavarpi.
- Spurt er, hvar er gert ráð fyrir íþróttahúsi við Kópavogsskóla og hvernig er gert ráð fyrir að Kópavogsskóli stækki?
- Mörg skólasvæði hafa sambyggt leikskóla og grunnskóla og þess vegna áhugavert að sjá hvernig bærinn sér fyrir íþróttahús á svæðinu.
- Tímaskekkja að byggja stakan leikskóla á þessu svæði, þar sem fyrir séð er að Kópavogsskóli og íþróttahúsið þurfa að stækka.
- Þungar áhyggjur vegna stærðar og umfangs fyrirhugaðrar leikskólabyggingar.
- Ásýnd leikskólans verður þunglamaleg.
- Skerðing á útsýni til suðurs.
- Skuggavarp í svartasta skammdegi og skerðing á lífsgæðum.
- Vísað í uppdrátt frá 1955, þar sem sýnd er staðsetning raðhúsa norðan leikskólans.
- Má með snjallri hönnun og heildrænni nálgun, má koma fyrir notadrjúgri leikskólabyggingu á lóðinni.
- Gerum athugasemdir við áætlaðan fjölda nemenda í leikskólanum, 80 börn.
- Hugmyndir um að nýta þak byggingarinnar sem leiksvæði sýna vel að lóðin þykir ekki nógu stór fyrir starfsemina.
- Teljum að lausn kynnt á kynningarfundinum sé versta mögulega útgáfan.
- Leikskólinn verði hannaður á einni hæð og færður sunnar á lóðina.
- Húsinu verði snúið þannig að hæsti hluti byggingarinnar verði ekki við nyrðri lóðarmörk.
- Húsið verði grafið niður og hæðarmunur í landi nýttur á skapandi hátt.
- Skipulag Kópavogsskóla og leikskóla mætti endurskoða heildrænt. Kópavogur gæti með því tekið forystu í þróun menntamála í landinu.
- Á kynningarfundi var rætt um að skoða aðgengismál að baklóðum verði útfært á viðunandi hátt og tryggja þannig aðkomu sunnan megin. Óskað er eftir að slíkar hugmyndir verði útfærðar og kynntar í deiliskipulaginu.
- Óskað er eftir frekara samráði um framþróun málsins. Erum reiðubúin að taka þátt í samráðshópi eða vinnustofum í anda virks íbúalýðræðis.

